



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

MALM1MA05

Kennari	Kristján Kristjánsson, kristjan.kristjansson@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudaga kl. 10:20 – 11:00 í vaktklefa, stofu 124.	
Námsefni	Efni frá kennara Ljósrit, verkefni, verklegt	
Áfangalýsing	Unnið er að ýmsum verkefnum sem tilheyra málmsmíði, notkun tafla, mælitækja, smíðavéla og handverkfæra. Samhliða fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti. Farið er yfir notkunarvið verkfæra, meðhöndlun, umhirðu og viðhald. Nemendur eru gerðir hæfir til að nota ýmis handverkfæri og einföldustu blikk- og spóntökutæki til málmsmíða.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Námsmat fer fram með fjölbreyttum hætti. Meðal annars eru verkefni, hæfni, vinnubrögð og virkni nemenda metin. Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokamati áfangans. Um símat er að ræða og lokamat á smíðisgripum.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Smíðaverkefni (vörubíll)	60 %
Virkni og umgengni í kennslustundum	40 %	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Mætingarreglur skólans gilda: https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/um-skolann/skolareglur/skolasoknarreglur	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur skulu skilja við kennslustofuna hreina og snyrtilega ásamt því að setja verkfæri á sinn stað.	

Grunnpættir menntunar	Læsi: Nemendur efla fag- og tæknilæsi með því að lesa teikningar, vinna með mælingar og nota viðeigandi verkfæri og tæki. Þeir læra að lesa úr upplýsingum sem tengjast smíði og yfirfæra þær á vinnslustykki. Sjálfbærni: Nemendur læra að fara vel með efni, verkfæri og tæki og tileinka sér vönduð vinnubrögð, umhirðu og viðhald. Með góðri nýtingu efnis og búnaðar er stuðlað að ábyrgri umgengni og minni sóun. Heilbrigði og velferð: Öryggi er mikilvægur þáttur áfangans. Nemendur fá fræðslu um slysa hættu, öryggisþætti og persónuhlífar og þjálfast í öruggri meðferð verkfæra, tækja og vinnusvæðis. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur þjálfast í ábyrgð, sjálfstæðum vinnubrögðum og að fylgja sameiginlegum reglum um öryggi og umgengni. Lögð er áhersla á virðingu fyrir öðrum og sameiginlegu vinnuumhverfi. Jafnrétti: Allir nemendur fá tækifæri til að öðlast og sýna verklega hæfni og þróa færni sína í málmsmíði. Lögð er áhersla á jafnræði, virðingu og virka þátttöku allra nemenda. Sköpun: Sköpun er ríkur þáttur í áfanganum þar sem nemendur vinna að smíði frá upphafi til enda. Þeir beita þekkingu, nákvæmni og verklegri færni við að móta, smíða, setja saman og ganga frá eigin smíðisgrip.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - notkunarmöguleikum verkfæra og tækja og hverju þeirra skal beitt hverju sinni - mælingum og geta yfirfært þær á vinnslustykki og notfært sér viðeigandi verkfæri til smíða - hættum sem geta skapast við ranga meðhöndlun verkfæra og tækja	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - lesa úr teikningum - smíða einfalda hluti úr málmi
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - smíða hluti úr mismunandi málum með ýmsum aðferðum - beita verkfærum og tækjum sem lagt er til í þessum áfanga - vinna sjálfstætt með einfaldari verkfærum og tækjum og nýta sér þau á réttan hátt - þekkja hvað ber að varast varðandi öryggisþætti	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 25 mín	26 klst.
Alls		90 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Áfangakynning og öryggisfræðsla um tækjabúnað og persónuhlífar.	
2. vika 24.-28. ágúst	Merkja og bora grind.	
3. vika 31. ágúst-4. september	Snitta og snara út fyrir skrúfum. Fræsa enda og úrtöku.	
4. vika 7.-11. september	Efna niður í skeifu undir hús, merkja fyrir götum og bora. Fræsa úrtöku fyrir grind.	
5. vika 14.-18. september	Efna niður fyrir bretti, merkja upp fyrir götum og úrtöku.	
6. vika 21.-25. september	Bora fyrir hjólskálum, snitta fyrir festingum. Efna niður húsið og merkja.	
7. vika 28. september-2. október	Gera glugga, beygja og forma hús.	Smíðisgripir metnir fyrir miðannarmat.
8. vika 5.-9. október	Efna niður í undirakstursvörn, merkja fyrir götum og smíða hana.	Miðannarmat.
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Námsmatsdagur 12. október. Efna niður í stuðara, merkja og smíða.	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Halदारar fyrir öxla, efna niður, merkja og bora. Vetrarleyfi 23. október.	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Vetrarleyfi 26. október. Öxlar, efna niður, merkja og renna.	
12. vika 2.-6. nóvember	Ljúka öxlum og yfirfara málsetningar.	
13. vika 9.-13. nóvember	Pallurinn: efna niður, merkja, bora og beygja.	
14. vika 16.-20. nóvember	Samsetning á bíl og yfirferð á málsetningum.	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Samsetning á bíl, slípa öll beitt horn og vinna að frágangi. Dimissio 27. nóvember.	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Ljúka smíði, yfirfara öryggi, frágang og virkni smíðisgrips.	Lokaskil smíðisgrips.

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristján Kristjánsson